

# Reglur Eyja- og Miklaholtshrepps um greiðslur vegna ungbarna til foreldra og forráðamanna

## 1.gr. Skilgreiningar.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps setur reglur þessar, um að allir foreldrar og forráðamenn barna fái greiðslur frá 12 mánaða aldri barns þar til að barn hefur leikskólavist eða verður 3ja ára. Hámarksupphæð greiðslu vegna ungbarna er kr. 90.000 kr. á mánuði fyrir hvert barn. Upphæðin endurskoðast ár hvert við gerð fjárhagsáætlunar.

## 2.gr. Skilyrði.

Greiðslur eru bundnar því að barn sé með lögheimili og aðsetur í Eyja- og Miklaholtshreppi. Foreldrar eða forráðamenn eiga rétt á greiðslu þegar barn nær 12 mánaða aldri. Nefndir aðilar sem eiga að einhverjum ástæðum ekki rétt á fæðingarorlofi í 12 mánuði geta sótt sérstaklega um að fá greiðslu frá 6 mánaða aldri barnsins. Greiðslur fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári. Greiðsla fellur niður þegar barn nær 3ja ára aldri eða hefur dvöl á leikskóla.

## 3.gr. Afgreiðsla.

Sækja þarf um greiðslur á sérstöku umsóknareyðublaði sem að finna má á heimasíðu Eyja- og Miklaholtshrepps og þarf að koma til oddvita. Réttur til greiðslu skapast í þeim mánuði sem sótt er um, ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða. Greiðslur eru eftirágreiddar fyrir einn mánuð í senn.

## 4.gr. Viðurlög.

Verði um ofgreiðslu að ræða áskilur sveitarsjóður Eyja- og Miklaholtshrepps sér rétt til endurgreiðslu, sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu.

Reglurnar þessar voru samþykktar af sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps á fundi hennar þann 22. september 2022.

Á fundi sveitarstjórnar þann 1. desember 2022 var ákveðið að halda áfram með greiðslur vegna ungbarna út árið 2023.

Á fundi sveitarstjórnar þann 8. nóvember 2023 var ákveðið að greiðslur vegna ungbarna yrðu kr. 120.000 á mánuði fyrir hvert barn, frá og með 1. janúar 2024.